# Niðurjöfnun útsvara 1908-1910

Aðfnr. 1284 2/2, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Niðurjöfnunarnefndarskjöl

1908.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. 9/12

Lækkað um 2 kr

Þegar eg las niðurjöfnunarskrána þekti jeg varla hvað nefndin er ónærgætin, eða ókunnug högum manna sem eg álít að hún þurfi að vera til þess að útsvar manna geti verið sem næst sanni. Mjer er nú gert að gjalda 16 kr í aukaútsvar. Eg er einyrki með 3 ómaga verð að borga húsaleigu 8 kr Eignalítill, því sá eini dreingur sem gat nokkuð hjálpað mjer fór frá mjer í vor þykir mjer því útsvarið afar þungt, til samanburðar get eg nefnt nokkra menn sem eru mjer miklu efnaðri og alla aðeins að nefna einn mann sem er Gunnlaugur Olafsson á Vatnsstíg sem hefur sama útsvar og eg húseigandi maður með fullorðin sem [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til sjös og lands og eg get eins og eg
sagði talið fleyri en þá ríkari, Eg vil
nú biðja þá heyðruðu nefnd að athuga
þettað og þá ef henni sindist það
sanngjarnt að draga úr þessu gjaldi
að hún þá vildi lækka það að minsta
um þær 4 kr sem ~~þ~~ var hækkað þettað
~~þ~~ ár fyrra ár voru hækkaðar 4 kr en
þá bættist mjer 1 ómagi

vyrðingarfyllst

frá Rauðará 9 Desember 1907

Bjarni Magnússon

Kaup $^{0}/_{45}$

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Herra kaupm. Th. Thorsteinsson

—〃—

Nýju. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags 7. f. m., lýst yfir því, að yður þyki útsvar það, er niðurjöfnunarnefndin hefir lagt á yður og konu yðar um árið 1908, of hátt, þar sem það hafi verið hækkað um 300 kr. frá því, sem áður var, enda sé „þilskipaútgerðin eigi svo glæsileg sem stendur, að það geti verið orsök til útsvarshækkunar".

Nefndin er á öðru máli en þér í þessu efni, enda þótt hún viðurkenni, að útsvarshækkunin kunni að sýnast nokkuð mikil í þetta sinn, fljótt á litið, en þau svör liggja til þess, að útsvör yðar og konu yðar hafa undanfarin ár verið fremur of lág að dómi nefndarinnar sjálfrar, en engin þörf á ~~hækkun~~ verulegri hækkun hvorki hjá yður né öðrum. Nú var beint og óhjákvæmilegt tilefni til hækkunar útsvaranna yfirleitt og þá var sjálfsagt að jafna þeim ókekka, sem nefndin hugði á vera útsvörunum. Atvinna yðar og konu yðar er ekki eingöngu útgerð, heldur einnig verzlun, sem fyrir frábæran dugnað yðar og framsýni hefir að undanförnu staðið með miklum blóma, að dómi þeirra manna, sem þeim málum eru kunnugastir. Í bréfi yðar nefnið þér að vísu engar jafnaðarmenn og gefið engar skýrslu um hag verzlana þeirra beggja, sem hér er um að ræða, né heldur um hag útgerðarinnar, svo að nefndin er að því leyti jafnnær eftir sem áður, enda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[byggir] nefndin; að sá munur, sem hún hefir gert á útsvörum yðar og konu yðar og annarra hinna hæstu gjaldenda hér í bæ, sé ekki fjarri sanni, að svo miklu leyti sem um það verður dæmt, þar sem engar áreiðanlegar atvinnuskýrslur er við að styðjast.

Bréf yðar var lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 27. f. m. og úrskurðaði nefndin, að útsvar yðar og konu yðar (samtals 1200 kr.) skyldi standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. 8/12.

Ekki sint.

Þegar jeg las í gegnum niðurjöfnunarskrána yfir Reykjavík 1908, gat eg ekki annað en undrast yfir útsvari því, er mjer og konu minni er gjört að greiða næstkomandi ár. Í ár -1907- var útsvarið tilsamans Kr 900.oo - en er nú hækkað um Kr. 300,oo fyrir næsta ár -(1908.)

Jeg fæ eigi skilið í, hvernig á því stendur að hin háttvirta nefnd, hefur fallist á að hækka útsvar okkar um þriðjung.

Eins og hinum háttvirtu nefndarmönnum mun vera kunnugt, þá er ekki þilskipa útgerðin svo glæsileg sem stendur, að það geti verið orsök til útsvarshækkunar; auk þess hef eg nú í ár misst eitt af skipum mínum, svo útgerðin er en þá minni komandi ár.

Jeg vil hjer með, biðja hina háttvirtu nefnd að taka útsvar okkar til nákvæmari íhugunar, því eg get eigi annað sjeð, en að þessi mikla hækkun sje byggð á misskilningi

Reykjavík 7 Desember 1907.

Virðingarfyllst

Th. Thorsteinsson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. d. Okt. 1907

Til leiðbeiningar niðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að menn þeir er taldir eru hjer á eptir hafa fengið atvinnuleyfi hjer í kaupstaðnum frá 26. júní f. á.

I <u>Borgarabrjef</u>

× Guðrún Jónassen, frú
× Einar Gunnarsson, cand. phil.
× Sigríður Sigurðardóttir, fröken, Kirkjustr. 8
× Alfred Philipsen, steinolíukaupm.
× Matt. A. Mathiesen, skósmiður
× Georg Chr. Jeppesen
× Guðmundur Magnússon, Lv. 38 B
× Böðvar Jónsson, pípugjörðarmaður

II <u>Húsmennskuleyfi</u>

× Sigurbjörn Jónsson, Hindarstapa
× Helga Sigurðardóttir Árbæ Holtum
× Gísli Einarsson, fr Ásum í Árness.
× Jónas Þorsteinsson, Grettisg. í Rvík
× Jón Einarsson frá Kleppi
× Kjartan Höskuldsson fr Gaetalok
× Gunnar Jónsson, Njálsgötu 50
~~Pjetur Gunnarsson, Bergstaðastr. 42~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Einar Ólafsson Lindarg. 18.~~
~~Guðmundur~~ Jón Magnússen ~~Magnússon, Lv. 66~~
~~Ólafur Sæmundsson, Miðhúsum~~
~~Ögmundur Bjarnason, Njálsgötu 39 B~~
~~Jón Brynjúlfsson fr Kirkjuferjuhjál~~
~~Jón M. Melsted fr Bordeyri~~
~~Júlíus Jónsson fr Hvyrli~~
~~Jón Guðmundsson af Vatnsleysuströnd~~
~~Sæmundur Guðmundsson úr Fljótshlíð~~
~~Magnús Þorkelsson, Lindarg 8.~~
~~Guðmundur Kristjánsson, vestri Miðfeli~~
~~Árni Jónsson Grímsstöðum í Reyk~~
~~Finnur Petersen, Frakkastíg 19~~
~~Guðmundur Benjamínsson fr Ameríku~~
~~Sigríður Magnúsdóttir, Söndum Akranesi~~
~~Guðni Þorsteinsson fr. Oddgeirshólum~~
~~Bergur Bárðarson ytri Skógum~~
~~Sigurður Runólfsson Grafeli í Kjós~~
~~Guðjón Bárðarson Lv. 53~~
~~Ólafi Grímssyni, Lindarg. 15~~
~~Jón Sigurðsson Ási í Holtum~~
+ ~~Sigurður Kristjánsson, Njálsg. 43. B~~
+ ~~Helga J. Bachmann fr Seyðisfirði~~
+ ~~Kristján Guðjónsson fr Skógarnesi~~

III. Skipstjóraskírteini

Enginn

IV. Lausamennsku

+ Sigvaldi Jónsson, Bræðraborgarst. 14
+ Hannes Ólafsson, Laugav. 45
+ Magnús Jónsson, Laugav. 69
+ Guðrún Guðmundsdóttir Gíslholti Rv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Grímur Ásgrímsson, Bergstbr. 42
× Sigurður Jónsson, Vatnsstíg 10 B

V Sveinsbrjef

Engin

f. Umsóknarbrjef um húsmennskuleyfi fylgja hjermeð, en óskast endursend að aflokinni notkun þeirra. –

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 28 dag Oktbr mán. 1907

Samkvæmt áætlun bæjarstjórnar innar yfir tekjur og gjöld bæjarins sjóðs 1908, ber að jafna auka útsvörum á gjaldendur bæjarins það ár 70.076 kr. 56 a að viðbættum 5-10 % af þeirri upphæð eins og lög og venja er til.

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

*Reykjavík,* 9. *dag* nóvbr *mán.* 1907

Í framhaldi af brjefi mínu 28. f. m. tilkynnist hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að trjesmíðisnemi Bergþór Vigfússon hefur tekið sveinsbrjef í þeirri iðn hjá Hirti Hjartarsyni snikkara.—

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. d. nóvbr. 1907.

Með samstundis meðteknu brjefi frá fátækra nefnd kaupstaðarins hef jeg meðtekið og sendi hjermeð húsetuleyfi eptirgreindra manna: frá þessum tíma

×1. Lárusar Jónssonar, Lindargötu 12
×2. Einari Þórðarsyni, Ásum við Skerjafjörð
×3. Gísla Kristjánssyni, Mýrargötu 3.
+4. Jóni Þorsteinssyni frá Klöpp í Miðnesi
×5. Hirti Guðbrandssyni Gíslaled á Brdrab. stg
×6 Skapta Þorlákssyni, Lindargötu 10 A
×7. Jóni Rafnssyni Hverfisgötu
+8. Gísla Guðmundssyni, frá Hjallakróki Ölfusi
×9. Guðm. Benidiktssyni, Nýlendugötu 16
+10. Sigurði Níelssyni frá Kjóastöðum
+11. Ingibergur Jónsson Laugaveg 33
×12. Guðm. Jónsson frá Holi
×13. Eyrúnu Eiríksdóttur, Njálsgötu 43 B
×14 Sigurður Sveinbjörnsson Njálsgötu 29.
×15. Páll Þorkelsson frá Óseyrarnesi
+16 Guðlaugu Einarsdóttir Grettisgötu 49

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

x 17. Sveini Sæmundssyni frá Heylæk.
til afnota fyrir hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, en óska mjer þau síðar endursend. —

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarinnar

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. dag desbr mán. 1907.

Í framhaldi af brjefi mínu 23. f.m. sendi jeg hjermeð búsetuleyfi eptirgreindra manna frá þessum tíma:

1 Jóns Jónssonar Laugaveg 62
2. Gísla Gíslasonar frá Óseyrarnesi
3. Guðrúnu Jónsdóttur Hverfisgötu 10 C.
4. Andrjesar Tolmar Nielsen. Laugaveg 27 B
5. Guðfinni Einarssyni. Laugav. 77 B
6. Sólberg Guðjónssyni. Laugav. 20 C.
7 Gesti Kristni Guðmundsson, Laugav. 70
8. Eyjólfi Bjarnasyni frá Borgum í Austur Skaptafellssýslu.

til afnota fyrir hina heiðruðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurjöfnunarnefnd, en óska mjer
síðan þessi skjöl endursend.

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík 28. nóvbr. 1907.

Eptir móttöku brjefs niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, dags. 26. þ. m., þar sem þeirri spurningu er beint til stjórnarráðsins, hvort steinolíuhlutafjelagið danska sje eigi skyldugt til að greiða aukaútsvar hjer í bænum, skal stjórnarráðið hjermeð, eptir að hafa fengið umsögn bæjarfógetans í Reykjavík um erindi þetta, þar sem hann neitar að hafa sagt nokkrum niðurjöfnunarnefndarmanni eða öðrum, að umrætt fjelag væri eigi skyldugt til að greiða aukaútsvar hjer í bænum, heldur hafi hann aðeins látið í ljósi efa sinn um, hvort aukaútsvar bæri að leggja á fjelagið eða fulltrúa þess hjer, skal stjórnarráðið hjermeð tjá nefndinni, að það telur engan vafa á, að heimilt sje að leggja aukaútsvar á þjeð fjelag sem arðsamt fyrirtæki, sem hafi fast aðsetur hjer í bænum.

F. h. r.

Jón Hermannsson.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Herra Bjarni Magnússon
frá Rauðará

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 9. þ. m., kvartað undan útsvari því, 16 kr., er yður var gert að greiða um árið 1908 til bæjarþarfa. Þetta bréf yðar var lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 27. þ. m.

Nefndinni er að vísu vel kunnugt um, að þér eruð duglegur maður og hafið unnið fyrir miklu kaupi að undanförnu, en þar sem þér hafið talsverða ómegð fram að færa, þá félst nefndin á að taka beiðni yðar um lækkun útsvarsins til greina að nokkru leyti og úrskurðaði að lækka það um 2 kr., úr 16 kr. í 14 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. 10/12

Lækkað um 4 kr.

Þar eð, hinni háttvirtu, niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkur ~~hefur~~ nú hvert árið eptir
annað, hefur þóknast að hækka á mér
aukaútsvar mitt um 4 kr hvert árið,
og finnst mér það ekki vera réttlátt
en á hinn bóginn veit jeg að það muni stafa
af ókunnugleik hinnar háttvirtu nefndar -
og vil jeg því hérmeð leyfa mér að skíra frá
ástæðum mínum, og einstaka tvo mönnum
til samjafnaðar eptir ástæðum þeirra og mín,
jeg á fjögur börn í ómegð en tekjur mínar
ekki eða varla samsvarandi sem eðlilegt er
að eins manns vinna fyrir 6 manns í heimili
hrökkvi varla til fyrir öllum þörfum -
m. þar sem verzlunarmaður Gísli Jóhannesson
á Skála, nálægt mér, er einhleypur maður og
á stóra eign og hefur verið dágott kaup. í Thomsens
Magasíni ber ekki hærra útsvar en 12 krónur
sömuleiðis vísa jeg til Jóns Runólfssonar
sem býr með móður sinni á Bergstaðastíg
No 32 - b. einhleypur maður duglegur og vel
efnum búinn hann á hálft húsið. og er hann
gjörður jafn mér með 16 kr útsvar og tynist [illegible]
ólíkt að hafa fjögur börn í ómegð eða hafa
engann ómaga, og bið jeg það traust til
hinnar háttvirtu ~~[illegible]~~ Niðurjöfnunarnefndar -
að hún vildi gjöra, að lækka útsvar mitt
næstkomandi ár nfl 1908 niður í 12 krónur
af áðurgreindum ástæðum eða skýringum vonti
jeg þess að hinni háttvirtu nefnd finnist eða geti ekki
fundist þessi beiðni mín að ástæðulausu,

Reykjavík 9 des 1907
Virðingarfyllst
Einar Jónsson Bergstaðastíg 34 B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Herra Einar Jónsson (Illugasonar)
Bergstaðastr. 34 B

Njv. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 9. f. m., kvartað undan útsvari því, 16 kr., er yður var gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908. Þetta bréf yðar var lagt fram og athugað á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar 27. f. m.

Með því að nefndinni var eigi fyllilega kunnugt um ómegð yðar og hún er miklu meiri ~~en hún~~ samkvæmt skýrslu yðar í téðu bréfi, en nefndin hugði; því féllst hún ~~að~~ á að taka beiðni yðar um lækkun útsvarsins til greina og úrskurðaði að lækka það um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr.

Þessi úrslit birtist yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. 11/12 Ekki sint.

Útsvarskjæra

Útaf útsvari því er á mig var lagt sídastlidid haust nýdist jeg tafarlaust til, ad tilkinna minni háttvirtu nidurjöfnunar nemd hjer í Reykjavíkur bæ, ad hún hefur ekki gjört mjer rjett útsvar í ár, ad leggja 10 krónur á mig þar sem jeg hef ekki feingid ad neinu bættan kaupsmissir minn, í fivra sumar sem var og er allstór kostleigur fyrir mig, og sem jeg bí, ad enn hvad ebni áhrærir.

Heilsunnar vegna gat jeg ekki verid nema rúman mánud vid atvinnu mína á næstlidinni vetrar vertíd og í sumar sem leid var jeg 4 mánudi fyrir austan og vóru þeir þar svo edallundadir ad leggja 3 krónur á mig í sveitar útsvar fyrir þessa 4 mánada dvöl til sanninda merkis filgir kvittun fyrir þeim krónum þessari kjæru. Heimilis þarfir mínar og húsaleiga er ad mun meiri en undafarid

Útaf öllu þessu leifi jeg mjer virdingarfigst ad kreffjast þess ad mín háttvirta niturjöfnunarnemd lækki útsvar það er hún hefur gjört mjer sídast.

Med því sje jeg rjett lætis og sómatilfinningu nemdarinnar.

Virdingarfilgst

Grettirsgötu no. 10. 11/12 1907.

Jónas Hierónýmusson

Til Nidurjöfnunarnemdarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

Herra Jónas Hierónýmusson
Grettisgötu 10.

Nfn. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kvartað undan því útsvari, 10 kr., er á yður var lagt um árið 1908 og borið fyrir yður einkum kaupmissi yðar í fyrra og að þér hafið orðið að greiða 3 kr. útsvar fyrir austan í sumar.

Nefndinni var fullvel kunnugt um hagi yðar yfirleitt nú ~~áð~~ síðastliðið ár sem að undanförnu og veit vel, að þér standið eigi þrátt fyrir ástæður þær, er þér tilfærið í bréfinu, ver að vígi með að greiða 10 kr. til bæjarþarfa, en svo margir aðrir, sem látnir eru greiða sama gjald og greiða það umyrðalaust, og er „réttlætis- og sómatilfinning“ nefndarinnar svo mikil, að hún telur eigi rétt eða sanngjarnt að þér komist með volæði og víli undan ~~að~~ réttmætu gjaldi, en öðrum sé íþyngt að sama skapi. Fyrir þessar sakir úrskurðaði nefndin að láta gjald yðar standa óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5 11/12

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

Ekki sint.

Hjer með fer jeg þess á leit við hina heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að færa niður aukaútsvar mitt. er mjer virðist vera of hátt, þar sem, á mig eru lagðar 14,- fjórtán- Krónur,
Ég er 19 ár hef reindar síðastliðið vor tekið sveins brjef í trjesmíðisiðn sem jeg stunda en verður það ekki að fullum notum vegna heilsulasleika þar eð jeg get oft ekki unnið nema annan og þriðja hvern dag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg er fæddur í Reykjavík
og uppalinn hjer hjá móður
minni sem er fátæk
ekkja hún er nú á sjötugs
aldri og heilsutæp og þarf
jeg því að styrkja hana
til þess að komast af
án sveitarstyrks ef
mögulegt væri,
þessar ástæður vona
jeg hin heiðraða Niður-
jöfnunarnefnd taki til
greina

Bræðraborg 11 des 1907

Nikulás Á Halldórsson
trjesmiður

~~Latur.~~ Móðurin ekki til þyngsla.
Útsvarið hæfilegt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Herra Nikulás Á. Halldórsson
trésmiður
Bræðraborg.

Rvík 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 11. f. m., kvartað undan útsvari því, 14 kr., er yður var gert að greiða til bæjarþarfa 1908 og borið fyrir yður heilsubrest og að þér þurfið að styrkja móður yðar.

Nefndin lagði svona lágt gjald á yður vegna þess, að henni var kunnugt um, að þér erið ekki hraustur maður, en þar sem þér erið trésmiður og takið hátt kaup, þá er þér vinnið, virtist henni gjaldið með engu móti geta verið lægra til móts við aðra menn, enda erið þér einhleypur og vitanlega hafið þér enn engin þyngsl heldur af móður yðar, ef rétt er á litið, heldur miklu hagræði. Nefndin úrskurðaði því á fundi 27. f. m., að gjald yðar skyldi standa óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. 11/12          Lækkað um 4 Kr.

Heiðraða Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur

Þar þjer hafið þann starfa á hendi að jafna niður á bæjarmenn ár hvert, þeim svo kölluðu auka útsvörum eftir efnahag og ástæðum. Þá dyrfist jeg í þetta skipti að bera mig upp við yður viðvíkjandi gjaldi mínu að mjer þikir það of hátt 12kr í samanburði við ímsa aðra hjer, og þar á meðal vildi jeg nefna t.d. Ól. Björnsson Bakka með 10kr. sem á talsverða eign ekki fleiri ómaga en jeg er meiri vinnukraft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er fatladur á sjóninni
jeg á engin efni og er líka
fatladur á heilsunni þarneg
að jeg er búinn að hafa sár
á fæti í nokkur ár sem er að
ágerast svo að jeg er tíðum
svo vikum skiptir við rúmið
að jeg get naumlega á fótinn
stigið

svo vildi jeg leifa mjer að
nefna fleiri menn þar á medal
Grím Jakobsson Seli með 8 kr
húseigand 1 barn. Edilon
Grímsson með 10 kr húseigandi
ekkert barn. Ág Einarsson
Laholti 12 kr talsverdar eignir
dugnaðar madur heilsugóður

þetta get jeg ekki fellt mig
viðað gjald mitt sje hlutfallslega
jafnt við gjald þessara
manna, og vildi jeg því biðja
ina heiðru Niðurjöfnunarnefnd
að íhuga það hvert ekki væri
nein tiltök að geta lækkað
þetta mitt gjald í samanburði
gjald þessara tjaðu manna.
og geta mjer til kynna
viringarfyllst

Hausthusum 10/12 1907

Gísli Þórðarson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Hr. Gísli Þórðarson
Hausthúsum

Rvík 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kvartað undan útsvari því, 12 kr., er yður var gert að greiða um árið 1908 og borið einkum fyrir yður heilsuleysi yðar, sem heldur er að ágerast, eftir því sem þér sjálfur skýrið frá og nefndin hefir leitað sér vitneskju um. Þetta bréf yðar var lagt fram á fundi nefndarinnar 27. f. m. Tók nefndin á að sinna beiðni yðar og úrskurðaði að lækka gjaldið um 4 kr., úr 12 kr. í 8 kr., en þar sem þér farið eigi fram á, að lækkuð verði gjöld þeirra manna, er þér takið til samanburðar við yður, þá verður það eigi gert að sinni, enda munu þau vera síst of lág, er alls er gætt, í samanburði við gjöld yðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. 11/12. Lokkað um 4 Kr.

# Utsvars Kvörtun

Hátt virtta niðurjöfnunar nefnd. Mjer er það sannar lega mikið hjeppt að verða að gjöra um kvörtun út af á lagi því sem mjer var gjörtt á síðust niður jöfnun. enn þar sem jeg kemi svars auka. vegna ómegðar og í meiralagi fjár skorttsi. sem hefur stafað af stórkostlegum veikindum. undan farin ár. þar sem jeg og konan og börn okkar köfum legið öll í senn. í fleiri vikur. og jeg sem ekki ber bár mitt enn. hef ættlað að reina að stunda. þá iðn sem mjer var kapna sælust áður sem var sjó menska. á þil skipunum og gjörðið að hætta við. og þar af leiðandi ekki haftt nema mjög stopula vinnu í landi. og veldur það mjer sannarlega marga áhyggjustund að hugsa um hvað jeg eigi að hafa til matarhanlla 6 mans í heimili og allra gjalda. og eigi trúi jeg því að óreindu að ekki sje einhver sá í niðurjöfnunar nefndinni sem hafi svo þiða Sálar parta til að bera. að einn eða fleiri verði ekki til að veita minn punktt hugreandi um kvortun á heinnn

og leifi jeg mjer því út af verðingar fyllst
áðar greindum upp lísing um að þar þessu á leið

við hina háttvirtu. niðurjöfnunar nefnd.
að hún færi útsvar það er hún hefur gert
mjer við síðust niður jöfnun niður í segji
og skrifa 7 Krónur jeg hef vilja á að
reina að borga það enn get kanski ekki.

Virðingar fillst. þ. 10/12 1907

Guðjón Guðmundsson frá Brekk i Vogum
Hverfisgötu 28 B.

Til
Niðurjöfnunar nefndarinnar i Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Herra Guðjón Guðmundarson
frá Brekku í Vogum
Hverfisgötu 28 B.

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f.m., kvartað undan útsvari því, 14 kr., er yður var gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908 og var bréf þetta lagt fram á fundi nefndarinnar 27. f.m.

Sökum veikinda sjálfs yðar að undanförnu sérstaklega og þess vegna bágs heimilishags, svo sem þér skýrið frá í bréfinu, féllst nefndin á að taka kæru yðar að nokkru leyti til greina og úrskurðaði að lækka gjaldið um 4 kr., úr 14 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. 12/12. Lækkað um 4 kr.

# Útsvarsskrá fyrir árið 1907/8

Hér með til himinstt. niðurjöfnunarnefndinni í Reykjavik.
að jeg hef unnið alls fyrir vinnu
mína, á sjó og landi, frá 14 maí í vor.
og til þessa dags. 260 krónur.
og fætt mig og klætt þar af og borgað húsaleigu
og þar að auki ágjað skaffa norfeltt 80 rædri
móðir lifeirir. [illegible] sem [illegible] það minsta
85 — 90 krónur úr minum eigin vasa á ári og
sömuleiðis það jeg veit til best þá
leggur Jónas bróðir hennar líka styrk aðeins.
10 til 13 krónur á ári hverju úr sínum vasa
jeg skoða á vallt sem [illegible]
af þera best. að segja satt og hreintt frá.
ekki sist á pappirnum hreintt er best jeg fór í vor
11 Juni í burtu. og ætlaði að njóta.
betri kjara. enn hjer heimavarð, neikur
kém heim seinast í Águs með aðeins
einar 45 krónur. og fjekk þá vinnu
í 2½ mánuð með niður lækkuðu kaupi
nokkuð af þeim tíma.. hver af nefndar mönnum, sem hefur stutt. 16 króna
gjald á mig í ár. hefur enn að hvertt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verid sipjadur. eda verid ókunnugtt
um Inntektt mína: enn á Inntekttirnar
á þó ad leggja. það vita fleiri enn
bórd á lagdir menn. rjett sini og
sanngirni á ad vera med i verkkönum.
saman ber guddóms kenningarnar.
og hverju svarar nú nefndin fyr verk
sitt mjer nád uikandi. þar sem hún
leggur 16 krón á mig í ár.

og þar ed jeg
hef skiertt frá Inntektum minum
þá hlitur nefndin ad vidurkenna
ad þettaderaltt af hátt. gjald á mig
og leifi jeg mjer þvi virding arfillst
ad krefjast þess ad vor hátt virtta
nidur jöfnar nefnd. færi útsvar mitt
nidur í 8 kr. Átta krónur. jeg hef goldid
nidur samgjörnt (útsvör) sum vantt undan farin ár. og krefst nú rjett

Virdingarfillst.

Pann 10 — 12. 1907

Björn Hieronymusson

til Nidur jöfnunar nefndar innar
i Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Herra Björn Hierónýmusson
lausamaður

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kvartað undan útsvari því, 16 kr., er yður hefir verið gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908 og borið fyrir yður veikindi í sumar og sérstaka óheppni í atvinnurekstri yðar. Þetta bréf yðar var lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 27. f. m.

Nefndinni er kunnugt um, að þér eruð einhleypur dugnaðarmaður til allra verka og taldi því gjaldið ekki of hátt í sjálfu sér, en þar ~~hefir~~ þér hafið, samkv. skýrslu yðar, orðið fyrir atvinnumissi síðasta árið, þá félst nefndin á að taka beiðni yðar um lækkun til greina og úrskurðaði að lækka ~~það~~ gjald yðar í þetta sinn um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr.

Á það skal vikið, að það sæmir jafnan illa ~~fullorðnum~~ manni, sem á að vera kominn til fullra vits, að viðhafa flónsleg áreitnisorð um menn, sem vilja vanda verk sín sem best.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. 13/12

Ekki sint.

Hátvirt niður jöfnunar nefnd

Fari svo að Niður jöfnunar nefndin, hjer sjá ið sjer ekki annað fært enn að lækka útsvar. Jónasar Herónýmussonar sem svari Bakkafjarðar út svarinu sem Jónasi var gert í sumar, 1907.
þá er það ekki ástæðu laustt. firir mig að krefjast þess sama. af áður greindri nend hjer að hún, lækki útsvar það er hún gerði mjer við sydústu niður jöfnnað ménsta kosti sem svarar útsvari því sem Bakkfirðingar lögðu á mig í sumar, saman ber mið þann sem hjer mið fylgir krefst því að fá lækkun á álagi því sem mjer er hjer gert,

Virðingar fillst þ. 11/12 1907

Guðmundur Magnússon frá Ferjukoti

Til

Niður jöfnunar nefndar innar í

Reykavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.

Herra Guðm. Magnússon
frá Ferjukoti.

Rvík 2. jan. 1908.

Brjefi yðar til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 11. f. m., skal svarað á þá leið, að nefndin fann eigi gilda ástæðu til að lækka útsvar Jónasar Hierónýmussonar og var útsvar yðar því látið standa óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Skeggjastaðahreppur

Til Guðmundar Magnússonar Húsum

| 1907 | Kr | au |
|---|---|---|
| Ar- Aukaútsvar sumarið 1907 | 2 | 00 |
| greiðist undirrituðum fyrir þ. 27 þ. m. | 2 | 00 |

Húsum 24 október 1907

H. Runólfsson
(oddviti)

Borgað
H. Runólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[redacted]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. 12/12.

Slept

Her með leifi eg mér að láta hina heiðruðu niðurjöfnudar nefnd Reykjavíkur Kaupstaðar vita, að eg dvel við nám á verzlunar skóla íslands. Sem eg einnig gerði síðastliðinn vetur. Samkvæmt nú gildandi lögum skilst mér því að eg eigi ekkert aukaútsvar að greiða, þar eg dvel hér aðeins sem (nemandi) náms maður. Eg vænti að hin heiðraða nefnd felli burtu þær sextán krónu aukaútsvar er á mig hafa verið lagðar við síðustu niðurjöfnun.

Reykjavík þ. 11 December 1907

Davíð Einarsson

Vesturgötu № 48

Til niðurjöfnudarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Davíð Einarsson
Vesturgötu 48.

Njr. 11. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 11. f. m., farið þess á leit, að útsvar það til bæjarþarfa um árið 1908, er niðurjöfnunarnefndin hafði lagt á yður, verði látið niður falla, með því að þér séuð námsmaður hér í bæ.

Þó að nefndin vel viti, að gjöld megi leggja á yður sem aðra menn, er hér hafa lögheimili og nokkurt gjaldþol hafa, enda þótt ~~þér séuð námsmaður~~ námsmenn sé, þá hefir hún fallist á að taka beiðni yðar til greina að öllu leyti í þetta sinn, með því að hún veit nú (sbr. bréf yðar til bæjarstjórnarinnar og aðrar síðar fengnar upplýsingar), að þér eruð maður félítill og eruð að berjast áfram af eigin rammleik og eigið því í bili við ýmsa örðugleika að stríða. Sömuleiðis hefir nefndin lagt til, að gjald yðar í fyrra verði látið niður falla. En ef þér verðið hér framvegis að loknu námi og fáið hér eitthvað að gera, megið þér búast við hæfilegu gjaldi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefir 1 barn
Hefir að líkindum ekki einn framfæri ómaga, kilde

11. 17/12

Lækkað um 4 kr.

Út til efni af aukaútsvari mínu fyrir árið 1908 leifi eg mjer hjer með að skrifa hinni háttvirtu niðurjöfnunar nefnd. Reykjavíkur kaupstaðar því mjer ekki getur fundist hún hafa verið nógu kunnug efnahag mínum þar sem henni hefir þóknast að hækka útsvar mitt um 6 kr sex krónur úr 10. kr nefnilega hefir þóknast að leggja á mig 16 kr þrátt fyrir það þótt mjer á þessu ári hafi bæst karlægur ómagi sem mjer er skilt að annast og undir halda þótt að hygg jeg að hinni háttvirtu nefnd hafi verið hulið í öðru lagi get jeg ekki fundið rjett læti í þessu gjaldi ef eptir efnahag á að dæma þótt mjer að nafninu til sje eignað hálf húseign sem ekkert er nema nafnið ef gætt er aldra skulda sem á þessari svo kölluðu eign hvíla Jeg get

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enn fremur ekki stilt mig um að kvarta
fyrir hinni háttvirtu nefnd út af þessari
óeðlilegu hækkun þegar það er borið
saman við aðra gjaldendur sem maður
svo kvarðlega þekkir efni og á stæður
hjá og skal jeg leifa mjer að nefna til
saman burðar Jónas Árnason (bakara)
hann á hálfu hús eign eins og jeg sem er
víst einginn minni að verð mæti en
eign sú sem mjer er talin að öðru leiti
er hann alveg ómaga laus maður hefir
góða atvinnu og getur þar að auki gripið
til síns handverks þegar honum þókn
ast og á þeim tímum sem bæði jeg og
aðrir verðum að ganga atvinnu lausir
sem ekki stundum annað en eirarvinnu
honum eru gerðar 14 kr og finst mjer þett
að vera rángt lát niður jöfnun

Enn fremur leifi eg mjer að
nefna til saman burðar Halldór
Guðmundsson frá Þúfu ómaga
lausan mann hefir að eins einn dreing
komin til þroska og farin að stunda
prent iðn sjálfur hefir hann fasta at-
vinnu alt árið umm í Krigro á þennan
mann eru lagðar að eins 12 krónur fjölda
mörg dæmi þessu lík gæti jeg tekið fram
enn mjer finst þettað ætti að nægja til
þess að sýna á hversu gildum rökum min
kvörtun í þessu efni er bygð sem jeg líka
vona að hinni háttvirtu niðurjöfnunar
nefnd þóknist að taka til greina og vil
jeg því leifa mjer að skora á hana að kynna
sjer betur þettað mál ef henni væri betri
yfir vegun þóknaðist að fara gjald þettað
nýður sem allra fyrst

Reykjavík 11/12 1907
virðingar fylst
Jónas Jónsson Hverfisgötu 28

Til
Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11.

Herra Jónas Jónsson
Hverfisgötu 28.

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 11. f. m., kvartað undan útsvari því, 16 kr., er yður hefir verið gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908. Bréfið var lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 27. f. m.

Þá er nefndin lagði á yður gjaldið, var henni ókunnugt um þann ómaga, er yður hefir bæst á nýliðnu ári og þér skýrið frá. Fékk nefndin því á að taka bætur yður til greina og úrskurðaði að færa gjaldið niður um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr.

Þessi úrslit birtast yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. 12/12.

Ekki sint.

Til Niðurjöfnunar nefndarinnar

í Reykjavik

Heiðruðu nefnd

Þegarað jeg las niðurjöfnunar skránni fyrir árið 1908 og sá hvað út svarið mitt var mikið þá fanst mjer það sjálfsagt að láta hina Heiðruðu nefnd vita hvernig heilsan mín hefur verið þessi árin fistu árið gat jeg unnið þrjá mánuði í fimm varð jeg að hætta að vinna 14 Nóvember og það þángað til í miðjan April í vor og nú er jeg búin að liggja í rúminu ein mánuð og get víst ekki gjört neitt framm eftir vetrinum

Svo mjer þætti það nokkuð mikið útsvar af mjer þar eð jeg er svo oft frá að vinna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo hefur hinna heidrudu nefnd
þóknast ad bæta við nafnið
mitt hún vill víst ekki skaffa
mjer sveinsbrjef. jeg skal láta
hena heidrudu nefnd vita hvad
jeg heiti. jeg heiti bara Gudni og
og er Sigurdsson og ekki meira
Virdingarfylst
Reykjavik 11/12 1907
Gudni Sigurdsson
Laugaveg No 68

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðni Sigurðsson lausam.
Laugavegi 63

Rvík. 11. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 11. f. m., lýsið þér yfir því að yður þyki útsvar yðar um árið 1908 nokkuð hátt, þar sem þér séuð heilsulítill maður og stundum frá vinnu.

Eftir þeim upplýsingum ~~um hagi yðar~~, sem nefndin hefir síðan fengið um atvinnu yðar, þykist nefndin mega ætla, að útsvarið sé ekki of hátt í samanburði við útsvör ýmissa annarra gjaldenda, og þar sem þér farið heldur eigi beinlínis fram á lækkun, þá úrskurðaði nefndin að láta það standa óbreytt. En ef lasleiki yðar skyldi ágerast, [og atvinna yðar rýrna að mun] þá er yður bezt að láta niðurjöfnunarnefndina vita um það, áður en hún fer að jafna niður; það varðar vafningaminst.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. 13/12.

Lækkað um 6 kr.

Samkvæmt niðurjöfnunarskránni fyrir næsta ár 1908, er útsvar mitt þar 12 krónur. Yfirstandandi ár var mjer gjört að greiða 4 kr. í útsvar og nemur því útsvarshækkunin 8 kr.
Með því nú, að heilsa mín þetta ár hefur verið mjög bágborin, og jeg þar af leiðandi orðið fyrir atvinnutjóni, þá virðist mjer þessi hækkun óeðlileg og ekki rjettlát. — Jeg hef verið frá vinnu mikinn hluta ársins. Get aðeins verið við verk og þó með veikum mætti, maí, júní og júlí mánuðina. En síðan snemma í ágúst hef jeg ekki getað snert á verki svo teljandi sje. Fyrir því leyfi jeg mjer að fara fram á það, við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hún lækki útsvar mitt niður í 6 krónur og treysti því að hún líti sanngjarnlega á ástæður mínar.

Reykjavík 10. desember 1907
Virðingarfyllst
Einar Jónsson
frá Vilborgarkoti

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.

Herra Einar Jónsson
frá Vilborgarkoti

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kvartað undan útsvari því, 12 kr., er yður var gert að greiða til bæjarsjóðs um árið 1908. Bréfið var lagt fram í fundi nefndarinnar 27. f. m.

Með því að þér skýrið frá og sannið með læknisvottorði, að sjúkdómur yðar hefir verið litlu vægari síðastliðið ár en að undanförnu, þá félst nefndin á að taka kæru yðar til greina og úrskurðaði að lækka gjaldið um 6 kr., úr 12 kr. í 6 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar Jónsson frá
Vilborgarkoti hefir verið al-
gjörlega óvinnufær frá byrjun
ágústmánaðar í sumar.
Sjúkdómur hans er
alvarlegur hjartasjúkdómur
(morbus cordis).

Reykjavík 13/12 07

Þórður Sveinsson
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. 13/12 Ekki sint

Jeg undirskrifaður leifi mjer hjer með að biðja hina hátt virtu Niðurjafnaðarnefnd að taka nafn mitt af gjaldanda skránni. Þar sem jeg er vinnu maður hjá móður minni og vinn henni að öllu leiti nema það sem hún geldur mjer í kaup. og það mundi þikja lítið hjá flestum vinnu mönnum svo fyrir þá skuld virðist ekki ástæða að gjöra mjer útsvar fremur öðrum vinnu mönnum. Enda virðist mjer ekki samræmi í því að móðir mín er látinn gjalda önnur gjöld enn mjer er gjört að gjalda aukaútsvar. Jeg vonast til að hin háttvirta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefnd taki þessa beiðni mína
til greina

Hausthúsum við Bakkstíg

12/12 07
Pjetur Hansson

Til Niðurjöfnadarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.

Herra Pétur Hansson verzlunarm.
Hausthúsum v. Bakkastíg.

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 12. f. m., kvartað undan því, að á yður hefi verið lagt útsvar til bæjarþarfa um árið 1908 og sé ósanngjarnt í því að leggja þetta gjald á yður, en öll önnur gjöld á móður yðar, og segist þér vera vinnumaður hjá henni. Þetta bréf yðar var lagt fram á fundi nefndarinnar 27. f. m.

Þér hafið góða atvinnu sem verzlunarmaður, búið með móður yðar og hafið engin þyngsl af henni eða öðrum, eigið því að bera hæfilegt gjald, svo sem aðrir menn í yðar stöðu og getið með engu móti skotið yður undan því með því að kallast vinnumaður, því að gjöldin eru miðuð við tekjur og efni manna, en eigi atvinnunöfn. Þér sjáið fyrir heimilinu að mestu og er að því leyti réttara að leggja öll gjöld á yður, þá fáið þér þau réttindi, sem gjöldunum fylgja, annars ekki. Að öðru leyti verða gjöldin söm, hvort sem þeim er skift niður á ykkur mæðginin eða eigi. Nefndin telur gjald það, sem á yður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var lagt, 12 kr., ekki of hátt og úr-
skurðaði því að láta það standa
óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. 14/12.

Lækkað um 4 kr.

Heiðraða Fátækranefnd.

af því mjer þikir útsvar það of hátt sem lagt hefur verið á mig nú í haust. að upphæð 14. kr og jeg hef alls ekki ástæður til að gjeta borgað svo hátt útsvar, þá vil jeg leifa mjer að fara framá, að það sje lækkað. jeg gjet búist við að in heiðraða nefnd. sje ekki kunnug ástæðum mínum og skal jeg skíra hjer dálítið frá þeim, jeg er fátækur og heilsulinur maður, sem síðast liðið ár varð fyrir því tjóni að missa annað augað. og sömu leiðis lá jeg í taugaveiki og þar af leiðandi varð jeg fyrir miklum kostnaði. og atvinnu tapi. til dæmis gat jeg ekki stundað atvinnu mína mest alla síðast liðna vetrarvertíð.

jeg vonast til að hin heiðraða fátækranefnd sje svo sanngjörn að hún sjái að 14 kr útsvar á mjer sem hef orðið fyrir stórkostlegum hnekkir síðast liðið ár, er langt fram úr öllu hófi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] útsvar á mjer sem hef orðið fyrir stórkostlegum
hnekkir síðastliðið ár, er langt fram úr öllu hófi, því það er
það mesta sem jeg hefði gjetað hugsað að lagt hefði verið á mig
8. krónur. jeg krefst þess að þettað sje tekið til athugunar
og útsvar mitt sje lækkað.

Virðingarfilst

Laugaveg 32 B. 10/12 1907. Magnús Magnússon

Til Fatækranefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15.

Herra Magnús Magnússon
Laugaveg 32 B

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kvartað undan útsvari því, 14 kr., er yður hefir verið gert að greiða um árið 1908, og var þetta bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 27. f. m.

Sökum veikinda yðar síðastliðið ár og tilfinnanlegs atvinnumissis, er stafað hefir af veikindunum, svo sem þér skýrið frá, og niðurjöfnunarnefndin hefir nú á annan hátt fengið vitneskju um, þá félst hún á að lækka útsvar yðar og úrskurðaði að færa það niður um 4 kr., úr 14 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. 14/12.

Felt burt.

Hjer með beiðist jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún felli burtu útsvar það, að upphæð 6 kr., er nefndin hefur lagt á mig fyrir 1908.

Jeg fékk lausamennskubrjef vorið 1906, og var lagt á mig útsvar þá um haustið, 6 kr.; þetta útsvar borgaði jeg, en lausamennskubrjefið hafði jeg ekki notað mjer nema til septembermánaðar 1906, því að þá fór jeg í vist, og hef verið í vist síðan og er nú vistráðin til 14 maí næstkomandi. Vænti jeg þess að niðurjöfnunarnefndinni þyki ekki sanngjarnt að leggja á mig fremur en aðrar vinnukonur.

Reykjavík, 13. des 1907

Hallgríma Gísladóttir

Hjer með vottast að Hallgríma Gísladóttir, fyrrum til heimilis í Bergstaðastræti 9, hefur verið í vist hjá mjer, sem hjú mitt síðan í september 1906 og er enn vistráðin hjá mjer til 14. maí næstkomandi.

Reykjavík, 13. des 1907

Jón Þorláksson
Lækjarg. 12B.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

Vinnukona Hallgríma Gísladóttir
Lækjargötu 12 B.

Rvjk. 2. jan. 1908.

Með því að þér hafið skýrt frá því í bréfi, dags. 13. f. m., að þér séuð vistráðið hjá til 14. maí næstk., og hafið stutt þann framburð með vottorði húsbónda yðar, þá hefir niðurjöfnunarnefndin fallist að taka beiðni yðar um uppgjöf útsvars þess, er á yður var lagt sem lausakonu, um árið 1908, til greina og úrskurðað að fella gjaldið niður með öllu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. $\frac{16}{12}$ Lækkað um 4 kr.

Brautarholti þann 15 Desbr. 1907

Mig furðaði mjög á því (um daginn) þegar jeg las Bæjargjalda skrána og sá þar lagt á mig 16 krónu útsvar til Bæjarins. Jeg er vinnumaður, og get fært fullgildar sannanir fyrir því og þar að auki er jeg fátækur unglingur, og þess vegna get jeg ekki borgað þetta gjald. (21 árs)
Jeg veit ekki til að það sje hjer venja að leggja útsvar á vinnumenn, og því síður fátæka unglinga.

Virðingfyllst
Þorsteinn Guðlaugsson

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.

Herra Þorsteinn Guðlaugsson
í Brautarholti

Njr. 2. jan. 1908.

Kæru yðar í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 15. f. m., hefi eg lagt fyrir nefndina á fundi 27. f. m.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að þér eða tengdamóðir yðar væntanlega getið eigi verið laus við gjald til bæjarþarfa, fremur en aðrir bæjarmenn með líkum ástæðum, og má því á sama standa, hvort ykkar ber gjaldið að nafninu til. Aftur á móti fann nefndin ástæðu til að lækka gjaldið og úrskurðaði því að færa það niður um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að Þorsteinn Bjarnason hafi verið meira og minna lasinn og vinnulaus frá því í maí-mánuði síðastl. og fram í ágúst, og þann tíma optast við rúmið, vottast hjer með eptir beiðni.

Reykjavík 16. desbr. 1907

Þórður J. Thoroddsen
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. 16/12

Lækkað um 8 kr.

Þar sem jeg hef legið þetta ár rúmfastur í nálægt 5 mánuði og hef sama sem ekkert getað unnið mér inn alt þetta ár, og mjög óvíst hvenær jeg verð fær til nokkrar verulegrar vinnu, þar sem jeg er mjög efnalítill maður, hafa ástæður mínar þetta nú líðandi ár ekki verið mjög glæsilegar; samt hefur hinni háttvirtu fátækra nefnd Reykjavíkur þóknast að hækka útsvar mitt næstkomandi ár, úr 12 kr upp í 16 kr. og hlýtur þessi hækkun á mér að stafa af ókunnugleika hinnar háttvirtu nefndar því jeg er viss um það, að hefði nefndin verið kunnugri eða þekt betur til ástæða minna, myndi hún [illegible] hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lækkað en hækkað útsvarsgjald
mitt næsta ár,
út af hér greindum ástæðum
leyfi jeg mér virðingarfyllst.
að leitast þess. að hin háttvirta
fátækranefnd vildi hlutast
til um að lækka gjald mitt úr
þeim 16 kr. sem mér er gjört gjalda
niður í 8 krónur; því það mundi
þeim er kunnugir eru högum
mínum virðast nægilega hátt

Reykjavík 14. des 1907
virðingarfyllst

Bergstaðastræti 32
Þorsteinn Bjarnason

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

Veikur í marz – ágúst.
barnlaus

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.

Herra Þorsteinn Bjarnason
Bergstaðastr. 32.

Rvík. 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 14. f. m., kvartað undan útsvari því, 16 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1908 og borið fyrir yður heilsuleysi árið sem leið og staðfest þann framburð með vottorði læknis.

Með því að þér hafið, svo sem áður er að vikið, verið veikur og frá vinnu mikinn hluta bjargræðistímans á umliðnu ári, þótti nefndinni sanngjarnt að taka beiðni yður um lækkun útsvarsins til greina og ~~færð~~ úrskurðaði að færa gjaldið í þetta sinn niður um 8 kr., úr 16 kr. í 8 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. 16/12.

Gjald 4 Kr.

Hjer með leyfi jeg mjer að mælast til þess að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd aukaútsvara í Reykjavík mætti þóknast að leggja á mig gjald það er veitir mjer almennan kosningarjett. —

Virðingarfyllst

Reykjavík, 14. Desember 1907

Helga Árnadóttir

Til

niðurjöfnunarnefndar aukaútsvara

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.

Frú Helga Árnadóttir
Laugaveg 18.

Rvík 27. des. 1907.

Á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar í dag voruð þér, samkvæmt áskorun í bréfi dags. 14. þ. m., tekin á skrá yfir niðurjöfnun aukaútsvars til bæjarþarfa um árið 1908 og var gjaldið ákveðið 4 kr.

Þessi úrslit verðið þér sjálf að tilkynna bæjarfógetanum, er sér um samning kosningarskráinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. 17/12

Ekki sint.

Heiðraða Niðurjöfnunarnefnd!

Eftir að ég hafði lesið Niðurjöfnunarskrána, var ég þess vísari að ég er ekki talin til hinna efna minstu hjer í Reykjavík, þar sem mér er skyldað að greiða Kr. 35,00 aur í aukaútsvar. Mér er alveg óskiljanlegt hvað liggur til grundvallar því að það skyldi hækka því nær um 2/3 parta, miðað við upphæð þá, sem ég varð að greiða síðast liðið ár Kr 12,00 aur. Ég er alls ekki betur efnum eða ástæðum búinn heldur en þá, og vil ég nú til upplýsingar tilfæra að ég hef ekki til innlekta annað, en það, sem ég ásamt tveimur sonum mínum innvinn í vanalegum daglaunum, sem getur ekki talist í það allra ýtrasta meira en Kr. 1800,00 aur samtals. Af þessari upphæð verð ég að borga báðum sonum mínum kaup, og framfæra sjö manns í heimili, þó þar sé með talið barn, sem gefið er með til framfæris Kr. 80,00 aur, af fátækra fé bæjarins hér. — Ennfremur vil ég geta þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til leiðbeiningar, að annar sona minna hefir nú í ár ráðist í að láta skrifa sig fyrir kaupum á húsi, hvort sem mér er eða verður virt það til meira gjaldþols eða ekki.

Ég fjölyrði ekki meira um þetta mál að þessu sinni, og fæst ekki um að tilnefna neina samjafnaðarmenn, en lýsi aðeins stórri óánægju minni yfir gjaldhækkuninni, því ég álít hana ekki á réttum rökum byggða, fyr en ef nefndinni tekst að gera mér ljósa grein fyrir gerðum sínum. En takist henni það ekki, þá vonast ég til að hún lækki fyrgreinda aukaútsvarsupphæð, ég tiltek niður í Kr. 20,00 Aur.

— Er það ósanngjarnt? —

Lindargötu 14. Reykjavík, 16/12-07

Guðjón Þórólfsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.

Herra Guðjón Þórólfsson
Lindargötu 14.

Nþr. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 16. f. m., kvartað undan útsvari því, 35 kr., er yður var gert að greiða til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi Nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin getur með engu móti verið yður samdóma um, að ástæða sé fyrir yður að kvarta undan gjaldinu í sjálfu sér (35 kr.), heldur mun orsökin til óánægju yðar vera sú, að yður bregður við að sjá svo stóra útsvarsupphæð á yður lagða, þar sem þér hafið að undanförnu greitt svo lágt, alt of lágt gjald, eftir ástæðum yðar, sem nefndinni þá var eigi fullkunnugt um, því að þótt tekjur heimilis yðar væru ekki meiri en þér segið (1800 kr.), þá verður gjald það, sem nú var lagt á yður (35 kr.), í lægsta lagi miðað við gjöld annarra manna með sömu tekjum. Þér hafið sjálfur 600 kr. í kaup og tveir synir yðar að minsta kosti 800 kr. hvor, efni og aðrar ástæður þar á ofan í besta lagi. Ef lagt væri á hvorn sona yðar sér í lagi,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mundi hvorugur sleppa með minna
gjald en 16 kr. og svo yrðuð þér
þar á ofan að bera eitthvert gjald.
Af þessu má sjá, að mjög væri ósann-
gjarnt að leggja á yður minna gjald
en orðið er, og úrskurðaði nefndin
því hyklaust að láta gjaldið
standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður
að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. 17/12

Ekki sint.

Sydstabergi vid Brunnarst.
16/12 1907

Eg undir ritadur
leifi mér hér med ad
fara þess á leit ad hin
háttvyrta nidur jöfnunarnefnd
bæarins lækkadi Aukaútsvar
það sem nefndin hefur lagt
á mig það er 14. Krónur
undanfarandi ár hef ég borgad
10. Kr og á stædur mínar hafa
ekki batnad í ár.
Sorgar til felli það sem kom
fyrir hjá mér í sumar. hefur
ekki verid og verdur ekki ~~nein~~
til ad bæta á stædurnar ~~eda~~
auka gjaldþol mitt.
Vyrdingar fyllst G. T. [illegible]
frá í Litlasteinholti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21.

Herra steinsmiður Þorst. Guðmundarson
Syðsta Bergi við Grundarstíg.

Rvík 2. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 16. f. m., kvartað undan útsvari því, 14 kr., er niðurjöfnunarnefndin hefði lagt á yður um árið 1908 og var þessi kæra yðar athuguð á fundi nefndarinnar 27. f. m.

Í bréfi yðar nefnið þér engar verulegar ástæður til þess, að gjaldið verði lækkað, enda tók nefndin fullkomið tillit til heimilishags yðar, er gjaldið var ákveðið, því að annars mundi það hafa orðið talsvert hærra, þar sem þér vitanlega eruð duglegur maður og vinnið fyrir háu kaupi. Nefndin úrskurðaði því að láta gjald yðar standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. 18/12.

Lækkað um 6 kr.

Ég hefi orðið þess var af Niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1908, að á mig hefur verið lagt 11 krónu aukaútsvar, en með því að bæði mér og öðrum, er þekkja heimiliskringumstæður mínar, þykja það óhæfilega hátt, þá leyfi eg mér að koma fram með þau tilmæli, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast, að færa það niður í 8 krónur.

Ég þykist vita að hin árlega hækkun útsvars míns stafi af því, að niðurjöfnunarnefndinni sé ekki kunnugt um efnahag minn og ástæður, og vil eg því með fáum orðum skýra það atriði.—

Eignir á eg engar nema lítilfjörlega búshluti og 2 rúm, en skyldu ómagar, sem eg verð að framfæra af vinnu minni, eru 3 börn, hið elsta á 4.a ári og faðir minn gamall og örvasa á áttræðis aldri; og þegar þess er gætt, að eg er mjög heilsulítill maður, sem hefi legið rúmfastur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fleiri stórlegur, og nú síðast þetta útlíðandi ár verið 4 mánuði frá vinnu, sökum veikinda, þá þá eg ekki trúað öðru, en hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd bæjarins verði við þessari sanngjörnu ósk minni, um niðurfærslu útsvars míns í ár, og hafi svo þessa skýrslu um efni mín og ástæður til hliðsjónar, er hún framvegis leggur útsvar á mig.

Svar þessu máli mínu viðurkjendi óska eg að fá sem allra fyrst.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 10. Desemb. 1907

múrari Guðjón Gudmundsson, frá Rauðará
Lindargötu 18

Til niðurjöfnunarnefndar aukaútsvara
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22.

Herra múrari Guðjón Guðmundsson
Lindargötu 18.

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kvartað undan útsvari því (16 kr.), er á yður var lagt um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Þá er útsvarið var ákveðið í haust, var nefndinni eigi fyllilega kunnugt um, að þér hefðuð svo mikla ómegð fram að færa, sem þér skýrið frá í bréfi yðar, og eigi er ástæða til að rengja; fyrir þá sök taldi nefndin sanngjarnt, að taka beiðni yðar til greina og úrskurðaði að lækka gjaldið um 6 kr., úr 16 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. 18/12.

Lækkað um 8 Kr.

Reykjavík, 18. des. 1907.

Hérmeð leyfi ég mér undirskrifaður að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur kaupstaðar, að hún færi niður útsvar mitt fyrir næstkomandi ár og sömuleiðis veiti mér eftirgjöf á því sem ég á ógreitt af útsvari sem mér ber að greiða á þessu núlíðandi ári.—

Ástæður mínar eru sem hér segir:

1. Ég er 58 ára að aldri og mjög farinn að heilsu, svo ég get ekki borið mig sem fullkominn mann til vinnu. Því afleiðandi [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hærri launum en svarar 25 aur.
um klukkustundu. Að öðru leyti
vísast til meðfylgjandi vottorðs
frá landlækni Guðm. Björns-
syni.–

2. Eg hefi þetta ár eigi unnið
annað en á tímabilinu maí
til ágúst.–

3. Konan mín er einnig mjög
heilsuveil og er hún því eigi til
neins léttis fyrir heimilið. Hún er
31 árs að aldri.

4. Eg hefi 2 börnum að sjá fyrir,
öðru 7 ára að aldri og hinu
1 árs.–

5. Eg reyndi ~~að~~ í haust að taka
að mér umsjón á nokkrum
ljóskerum bæjarins, en sakir
heilsubrests míns varð eg að hætta
því starfi eftir hálfan mánuð.

Af því sem að ofan er sagt, vona
eg að hin heiðraða niðurjöfnu-
narnefnd sjái, að ástæður mínar
eru ekki vom glæsilegastar og taki
því tillit til þessarar umsóknar
um eftirgjöf niðurfærslu á útsvari mínu,
því mér er bókstaflega ómögulegt
að lúka því.–

Með virðingu.

Guðmundur Jónsson
Lindargötu 1B.
áður á Lindargötu nr. 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23.

Herra Guðm. Jónsson
Lindargötu 1 B.

Rvík. 10. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m., kvartað undan útsvari því, er á yður var lagt til bæjarþarfa um árið 1908, og var bréf yðar lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 4. þ. m.

Nefndin fellst á, að útsvar yðar um árið 1908 sé of hátt, og stafar það af því, að nefndinni var ókunnugt um heimilisástæður yðar nú, þar með talin veikindi sjálfs yðar og vinnuleysi, en fór eftir lýsing yðar á högum yðar, þá er þér fluttust til bæjarins. Nefndin úrskurðaði því lækka gjaldið og færa það niður um 8 kr., úr 16 kr. í 8 kr.

Þar á móti hefir nefndin ekki vald til að úrskurða neitt um lækkun á útsvari yðar 1907, enda mun síður ástæða til að lækka það. Um það verðið þér að eiga við bæjarstjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðm. Jónsson, Lindarg. 1 B, er heilsuveill og því ekki fullvinnandi.

Rv. 18/12 07

G. Björnsson
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur